



# Valgreinar 2022 - 2023

## 10. bekkur

Kæri nemandi

Viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að nemendur í 8.-10. bekk séu alls 24,6 klukkustundir á viku í skólanum og að hluti þeirra eiga að vera valgreinar. Á elsta stigi geta nemendur valið sér mismargar valgreinar eftir árgöngum og fjölda tíma í hverri valgrein. Valgreinar eru ýmist 1 eða 2 klst.

**10. bekkur velur samtals 4 klukkustundir** og það verða að vera að lágmarki 2 klst. í list- og verkgreinar, en þær eru merktar 😊 með broskalli.

Hér á eftir fer lýsing á þeim fjölbreyttu valgreinum sem Kársnesskóli býður upp á veturinn 2022-2023 og nú er það þitt að lesa vel og velja þær sem hæfa best áhugasviði þínu — **ekki verður hægt að skipta um val eftir að kennsla hefst næsta haust.**

Valið getur verið vandasamt og við hvetjum þig til þess að ráðfæra þig við foreldra/forráðamenn og kennara. Í sumum valgreinum er hámarksfjöldi nemenda og færri komast að en vilja. **Þá getur valgrein fallið niður ef ekki næst næg þátttaka.** Þess vegna er nauðsynlegt að allir nemendur setji fram óskir sínar um 4 klst í vali til vara – og það mega ekki vera sömu valgreinar og settar eru í aðalval.

Nemendur fá tölvupóst með tengil á valblað **mánudaginn 23. maí** og þar skrá þeir óskir sínar (s.s. rafrænt í gegnum tölvupóst) í síðasta lagi **miðvikudaginn 25. maí**. Eftir skiladag áskilur skólinn sér rétt til að setja nemendur í valgrein þar sem er laust pláss.

**Hafið hugfast að engu minni kröfur eru gerðar um góða ástundun og virkni nemenda í valgreinum en skyldugreinum.**

### Allir með strætó – 1 klst

Kennari: Gylfi

Farið í strætó og allar stærstu tengistöðvar Strætó bs. kynntar fyrir nemendum.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* kynnist vistvænum samgöngumáta sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið.
- \* fái innsýn í leiðarkerfi strætisvagna.
- \* öðlist skilning á uppbyggingu leiðakerfis höfuðborgarsvæðisins.

**Námsmat:** ástundun og verkefni um leiðakerfið.



### Árbók – 2 klst

Kennari: Valdís

Árbókin er persónuleg minningabók með myndum af öllum útskriftarnemendum Kársnesskóla (10. bekkjum) ásamt persónulegum texta frá þeim. Einnig eru myndir af umsjónarkennurum og ýmislegt fleira.

Nemendur sjá alfarið um alla vinnu við öflun styrkja, skipulag, umbrot og uppsetningu á bókinni undir handleiðslu kennara.

**Námsmat:** ástundun, ábyrgð og samvinna.

### Badminton – 1 klst

Kennari: Guðjón

Nemendur spila badminton og auka færni sína frá því sem þeir hafa áður lært í skólaíþróttum.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* læri reglur í badminton.
- \* sýni áhuga og jákvætt viðhorf.
- \* taki framförum.

**Námsmat:** ástundun og virkni. Jákvæðni og hugarfar skiptir miklu máli.

### Bestu bíómyndir í heimi – 2 klst

Kennari: Gylfi

Í valinu verður horft á kvikmyndir og rýnt í þær. Sýndar verða myndir sem hlotið hafa verðlaun og einróma lof gagnrýnenda. Aðaláherslan verður á myndir sem hafa fengið nafnbótina „besta kvikmyndin“ á stærstu kvikmyndahátíðum veraldar en aðrar myndir sem hafa ekki hlotið nein verðlaun en skipa ákveðinn sess í kvikmyndasögunni verða líka sýndar. Nemendur skrifa kvikmyndagagnrýni og skila til kennara

**Markmið** eru að nemendur:

- \* kynnist stórvirkjum kvikmyndasögunnar.
- \* skrifi hnitmiðaða kvikmyndagagnrýni.
- \* læri að njóta þess að horfa á kvikmyndir.

**Námsmat:** ástundun og virkni, kvikmyndagagnrýni.

## Catan og borðspil – 2 klst

Kennari: Víðir

Hér munu nemendur læra að spila Catan sem er eitt stærsta og vinsælasta borðspil í heimi síðan það kom út árið 1995. Það er einfalt að læra spilið en herkænskan sem hægt er að tileinka sér er botnlaus! Kunnátta í spilinu er ekki skilyrði.

Catan verður aðalspilið í valgreininni en einnig munu nemendur fá að kynnst öðrum spilum.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* læri borðspilið Catan en tileinki sér líka að spila á árangursríkan hátt með herkænsku.
- \* þjálfist í að spila við ólíka einstaklinga.
- \* læri líkindareikning í gegnum leik.

**Námsmat:** Ástundun, verkefni og virkni.



## Eldað saman – 2 klst

Kennari: Guðfinna

Undirstöðuatriði í matreiðslu rifjuð upp við matreiðslu léttra heimilisréttanna með kræsingaívafi auk þess sem nemendur skoða eigin neyslu út frá fæðuflokkunum.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* eldi fjölbreyttan og hollan mat.
- \* meti eigin neyslu.
- \* læri um næringargildi fæðu.

**Námsmat:** ástundun, virkni, umgengni og verklegt verkefni.

## Fjarnám – 3 klst

Nemendur í 10. bekk geta stundað fjarnám í ensku og stærðfræði í framhaldsskóla og fengið það metið sem valgrein. Allar upplýsingar um fjarnám veitir námsráðgjafi.

Ath! kennari í viðkomandi grein í Kársnesskóla þarf að staðfesta að nemandi sé kominn með þá hæfni sem þarf til að fara í fjarnám.

## Fótbolti – 1 klst

Kennari: Guðni

Áhugasamir fá hér tækifæri til að hittast og spila fótbolta í íþróttahúsi Kársnesskóla.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* sýni áhuga og jákvætt viðhorf til fótbolta.
- \* bæti færni í fótbolta.

**Námsmat:** ástundun og virkni. Jákvæðni og hugarfar skiptir miklu máli.

## Fjallgönguval – 2 klst

Kennarar: Bjarndís og Hulda

Farið verður yfir nauðsynlegan búnað sem tengist fjallgöngu og útivist og gengið á 4 - 5 fjöll í nágrenninu. Fjallgönguvalið er fyrstu 6 – 8 vikurnar á haustönn eða síðustu 6 – 8 vikurnar á vorönn.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* skilji mikilvægi góðs útbúnaðar.
- \* sýni ábyrgð í útivist og fari eftir leiðarlýsingum.
- \* fylgi umgengnisreglum.

**Námsmat:** ástundun og markmið metin í hverri fjallgöngu.

## Gagnrýnin hugsun í nútímasamfélagi – 1 klst

Kennari: Birgir

Í upplýsingaóreiðu samtímans, þar sem erfitt er að vinsa falsupplýsingar frá sannindum er hverjum einstakling nauðsynlegt að geta horft gagnrýnum augum á upplýsingar sem honum berast. Farið er í heimspeki tengda siðfræði og dægurmál krufin til mergjar.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* geti beitt eigin hugsunum á kerfisbundinn hátt.
- \* geti greint kjarnann frá hisminu í umræðum um dægurmál.
- \* tengi tjáningarfrelsið gagnrýnni hugsun.
- \* skilji hvað átt er við með gagnrýnni hugsun og af hverju hún er mikilvæg.

**Námsmat:** ástundun, virkni og verkefni.



## Hár í höndum – 1 klst

Kennari: Ruth

Nemendur læra léttar greiðslur og notkun tækja. Þeir fá þjálfun í að vinna hverjir með öðrum ásamt að nota æfingahöfuð. Farið verður í mikilvægi góðrar hárumhirðu og efnafræði hársins, litafraði hársins og sögu og þróun hátískunnar.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* læri muninn á mismunandi hángerðum.
- \* öðlist færni og skilning í að greina heita og kalda liti.
- \* geti fléttað a.m.k. fimm gerðir af fléttum.
- \* fái góða færni við notkun mismunandi hitatækja.
- \* öðlist fræðilegan skilning á hárinu og góðri hárumhirðu.
- \* geti framkvæmt léttar greiðslur.

**Námsmat:** Ástundun, virkni, frammistaða og umgengni í kennslustundum. Ferilmappa með þeim verkefnum sem voru unnin.



## Hönnun og smíði – 2 klst

Kennari: Bíbí

Allskonar munir unnir úr tré. Samsetning og yfirborðsfrágangur. Útskurður í tré og rennismíði. Lögð er áhersla á hönnun smíðishluta og gerðar eru kröfur um sjálfstæð vinnubrögð. Nemandi getur valið verkefni úr gagnabanka eða komið með eigin hugmyndir.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum.
- \* tileinki sér hæfni og verklega færni í smíðastofu.
- \* fá tækifæri til að vinn að sínum hugmyndum í margvíslegan efnivið.
- \* læri að fylgja ferlinu frá hugmynd að endanlegri útfærslu.

**Námsmat:** Ástundun, virkni og verkefni.



## Japönsk menning – 1 klst

Kennari: Guðný

Njótum, lærum og leikum með þætti í japanskri menningu. Kynnumst sterkri kvikmynda- og teiknimyndasöguhefð þeirra, anime, og lærum að teikna Manga. Förum á flug með Origami og kynnumst lauslega lettri, tísku, siðum, bardagalist, matarhefð og prófum að gera sushi.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* kynnist einstaka þáttum í menningu og sögu Japan.
- \* fái innsýn í menningu ólíkra þjóða sem stuðlar að auknu menningarlausni.

**Námsmat:** Ástundun og virkni, alúð í verkefnavinnu, áhugi og samvinna.

## Körfubolti – 1 klst

Kennari: Víðir

Hér gefst nemendum tækifæri til að æfa sig í helstu þáttum körfuboltans, ásamt því að keppa í liðum á móti hvort öðru. Valið verður að mestu kennt í íþróttasal Kársnesskóla og skilyrði að vera í léttum íþróttafötum og með innanhússkó. Það er alls ekki skilyrði að æfa körfubolta til þess að skrá sig í þetta val.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* þjálfist í að drippla, senda og skjóta körfubolta.
- \* bæti leikskilning.
- \* læri að elska að stunda körfubolta.

**Námsmat:** Ástundun og virkni.



## Leir – 1 klst

Kennari: Bíbí

Hér fá nemendur tækifæri til að kynnst hönnunarferli leirlistar þegar þeir hanna og búa til sitt verk úr steinleir.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* fái tækifæri til sköpunar.
- \* fylgi ferlinu frá hugmynd að verki.
- \* æfi tækni og verklega hæfni.

**Námsmat:** ástundun, virkni og verkefni.



## Metið

Skv. lögum um grunnskóla er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla sem hluta af grunnskólanámi. Jafnframt má meta þátttöku í íþróttum eða skipulögðu félags- eða sjálfböðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólustarfs.

**Ef nemandi stundar íþróttar-, list- og/eða æskulýðsstarf** og óskar eftir að slíkt sé metið sem valgrein þarf hann:

- að velja metið á valblaði.
- að skila inn staðfestingu sem forráðamaður og kennari/þjálfari skrifa upp á strax í september 2022 (fæst hjá ritara og á heimasíðu).

**Ekki er mögulegt:**

- að fá metið meira en helming af valgreinatíma.
- að fá nám utan skóla metið eftir að valgreinakennsla hefst. Það þarf því að skrá metið núna í vor sem valgrein, ef þið viljið nota þann valkost.



## Myndlist – 1 klst

Kennari: Guðný

Unnið verður með sköpun, innblástur og óhefðbundinn efnivið. Nemendur nýta eigin áhugasvið til sköpunar og skapa eigin listaverk.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* fái tækifæri til að vinna að sínum hugmyndum í margvíslegan efnivið.
- \* læri að fylgja ferlinu frá hugmynd til endanlegrar útfærslu.
- \* tileinki sér tækni og verklega hæfni og þjálfni tilfinningu fyrir litum, línnum og formum.
- \* þjálfni sjálfstæð vinnubrögð.

**Námsmat:** ástundun, virkni, ferlið í verkefnavinnu og lokaafurð.



## Roblox – hönnum og spilum leiki – 1 klst

Kennari: Gylfi

Í valinu munu nemendur hanna sína eigin leiki í Roblox, sem er leikjaveita fyrir notendur netleikja, en einnig spila leiki sem aðrir notendur hafa búið til.

Til að auka á stemninguna verður tvisvar sinnum spilað að kvöldi til, Robloxleikir og aðrir leikir og jafnvel dregin fram borðspil ef nemendur verða þreyttir á skjánum.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* læri að hann sína eigin netleiki í Roblox.
- \* læri að spila leiki eftir aðra nemendur.

**Námsmat:** ástundun, virkni og hönnun netleikja.

## Skapandi skrif – 1 klst

Kennari: Gylfi

Langar þig að skrifa bækur eins og um Kidda Klaufa? Harry Potter? Eða eitthvað allt annað? Þá kemur þú í þessa valgrein!

Hér lærir þú að skapa persónur, spinna söguþráð, halda upp spennu og færð leiðsögn um öll helstu töfrabrögð bókmenntanna. Ef þú hefur áhuga á ljóðagerð og að yrkja ljóð þá færðu aðstoð við það líka.

Nemendur glíma við ólík verkefni; skrifa sögu, rifja upp skemmtilegar æskuminningar eða fljúga um tíma og rúm og fleira. Undir lokin stendur nemendum til boða að lesa það sem þeir skrifuðu enda mun slíkt þjálfa nemendur enn frekar í framkomu og efla sjálfstraustið.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* kynnist töfraheimi bókmenntanna.
- \* læri að skrifa fjölbreyttan texta.
- \* læri að yrkja ljóð og fást við ljóðagerð.

**Námsmat:** Ástundun, virkni, áhugi og verkefnaskil.



## Skólakór Kársness – 2 klst (ein klst á viku allan veturinn) Kórstjóri: Álfheiður

Skólakór Kársnesskóla hefur löngum verið talinn einn besti barnakór landsins. Kórinn syngur fjölbreytta tónlist og tekur þátt í alls kyns verkefnum utan skóla sem innan. Frábær félagsskapur fyrir öll sem hafa yndi af söng og samveru. Á dagskrá vetrarins '21-'22 eru m.a. æfingabúðir út fyrir bæjarmörkin, kóramót, jólatónleikar, vorferð og Kórahátíð Kársness. Að auki detta inn stór og smá verkefni sem við tökum að okkur með sönggleðina að vopni.

Æfingar verða á fimmtudögum 14:40-16:10 auk einnar 15 mín raddæfingar í frímínútum.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* geti tekið þátt í tónsköpun, s.s. kórsöng, sjálfum sér og öðrum til ánægju
- \* geti sungið fjölbreytt fjölradda lög
- \* geti tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- \* öðlist færni í framkomu, samvinnu og tónsköpun
- \* geti hagnýtt sér þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem þeir hafa öðlast

**Námsmat:** Ástundun, frumkvæði, samvinnuhæfni og sönggleði.

## Stærðfræðipjálfun – 1 klst

Kennari: stærðfræðikennari á elsta

Hér gefst nemendum tækifæri til að þjálfá sig enn frekar í þeim námsþáttum stærðfræðinnar sem þá vantar helst þjálfun í. Námsþættir og námsefni verður einstaklingsmiðað að mestu leyti en eitthvað verður um sameiginleg verkefni. Hér er tækifæri fyrir metnaðarfulla nemendur að vinna með stærðfræðikennara í minni hópum.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* öðlist sjálfstraust í stærðfræði.
- \* bæti talnaskilning.
- \* verði jákvæðari gagnvart þessari hreinustu grein vísindanna.

**Námsmat:** Ástundun, virkni og sjálfsmat.

## Sögusagnir – 1 klst

Kennari: Iðunn

Við kynnumst þjóðsögum og goðsögum í nýju ljósi í gegnum fantasíu-skáldsögur. Skoðum og lesum saman þjóðsögur og goðsögur og kynnumst muninum á milli þeirra og hvort eru tengingar eða vísanir úr þeim í öðrum bókmenntaflokkum.

Bækur/bókaflokkar sem verða skoðaðir eru m.a. Harry Potter, Percy Jackson, Mangus Chase, American Gods, Ferð Eiríks til Ásgarðs, Gyllti áttavitinn og fleiri – nemendur mega koma með tillögur!

**Markmið** eru að nemendur:

- \* öðlist skilning á þjóðsögum og goðsögum og einkennum þeirra
- \* þekki nokkrar þekktar þjóð- og goðsögur
- \* geti greint þekkt einkenni þeirra í öðrum bókmenntaflokkum

**Námsmat:** Ástundun, virkni og verkefni.



## Textíll – 1 klst

Kennari: Hulda

Í textíl fá nemendur að láta sköpunargleðina ráða för – og vinna með prjóna, heklunálar, saumnálar og/ eða saumavélar, allt eftir áhuga og getu. Nemandi teiknar upp hugmynd, útbýr snið/skissu og vinnur lokaafurð. Lögð er áhersla á endurvinnslu og vinna nýtt úr notuðu.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* þjálfist í mismunandi vinnuaðferðum.
- \* læri að fylgja ferlinu frá hugmynd til endanlegrar útfærslu.
- \* njóti handavinnu.
- \* skapi og ljúki hagnýtu verki.

**Námsmat:** ástundun, virkni, ferlið i verkefnavinnu og lokaafurð.

## Út að leika – 2 klst

Kennarar: Álfheiður og Lára

Nemendur kynnast útivist og hreyfingu af ýmsu tagi í nærumhverfi skólans og í nánasta umhverfi höfuðborgarsvæðisins. Á planinu er m.a. létt fjallganga, ferð í Bláfjöll, sjósund, hjólaferð um borgina, tjaldútilega. Kennt er á vorönn og farið í ferðir þegar veður hentar.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* kynnist fjölbreyttri útivist.
- \* þekki möguleika til útivistar í nærumhverfi.
- \* kynnist einföldum leiðum í hreyfingu og útivist.
- \* þekki viðeigandi búnað fyrir mismunandi útivist.

**Námsmat:** Ástundun, virkni og jákvæð samskipti.



## ÚtÚrDúr – 1 klst

Kennari: Sigrún G

Nemendur læra leiðir til að tjá sig, finna og tjá rödd sína með fjölbreyttum aðferðum og æfingum s.s. hugleiðslu, raddæfingum, hreyfingu með tónlist, teikningu, málun og skrifum. Nemendum er skapað öruggt rými til að tjá list sína ótengt því formi sem þeir velja.

**Markmið** eru að nemendur:

- \* upplifi, finni og tjái rödd sína með skapandi leiðum.
- \* gerir tilraunir með tjáningu og upplifun á virkan hátt.

**Námsmat:** ástundun og virkni, áhugi og frumkvæði nemenda við úrvinnslu eigin hugmynda.



## Verk – og listgreinaval Tækniskólans – 3 klst.

Nemendur geta valið um **þrjú viðfangsefni** þar sem hvert þeirra er kennt í sex vikur, 3 kennslustundir á viku (3 x 40 mín.).

Í þessum sex vikna lotum í hverri grein fá nemendur tækifæri til að hanna og smíða eigulega gripi undir leiðsögn færustu kennara. Á þann hátt vinna nemendur að verkefnum, sem tengja saman viðkomandi faggrein og verkfærin, auk þess að kynnast uppbyggingu iðnnáms og möguleikum til framhaldsmenntunar að því loknu.

Þegar vali er lokið skulu nemendur (einir eða fáeinir saman) gera skýrslu/kynningu um valið sem er stýrt af hverjum grunnskóla fyrir sig og lagt fram í viðkomandi skóla.

Hægt er að velja þrjú af þessum viðfangsefnum:

1. Hönnun og nýsköpun (Hafnarfjörður og Skólavörðuholt)
2. Tréið (Hafnarfjörður og Skólavörðuholt)
3. Pípulagnir (Hafnarfjörður)
4. Málaraíð (Skólavörðuholt)
5. Múraraíð (Skeljanes)
6. Rafið (Hafnarfjörður og Skólavörðuholt)
7. Málmið (Hafnarfjörður)
8. Sjómennska (Háteigsvegi)
9. Forritun og vefsmíði (Hafnarfjörður og Skólavörðuholt)
10. Ljósmyndun og myndvinnsla (Hafnarfjörður og Skólavörðuholt)
11. Hársnyrting (Skólavörðuholt)
12. Föt og fylgihlutir (Skólavörðuholt)

**Markmið** eru að nemendur:

- \* kynnist uppbyggingu iðnnáms og listnáms.
- \* kynnist möguleikum framhaldsmenntunar að námi loknu.
- \* læri um helstu tæki og tól sem notuð eru í viðkomandi iðngrein.
- \* kynnist handverki og læri vinnubrögð verknáms.
- \* læri öryggisatriði við vinnu á verkstæðum.

**Kennt** er á fimmtudögum kl. 15:20-17:20. Þrjú samliggjandi tímar á viku í 6 vikur. Hver nemandi tekur þrjú tímabil af fjórum (skipulagt af Tækniskólanum):

1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	4. tímabil
sept. -okt. '22	okt.- nóv. '22	jan. – feb. '23	mar. – apr. '23

**Nemendur þurfa sjálfir að koma sér á kennslustað.**

Nánari lýsing valgreina má lesa hér: <https://tskoli.is/grunnskolaval/>



